



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 2. október 2018

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála**

Umboðsmaður barna fagnar áformum um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála.

Í Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013 er að finna sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi í 19. gr. sáttmálans. Þá er í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrá nr. 33/1944 áréttað að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í því felst meðal annars að nauðsynlegt er að tryggja börnum fullnægjandi vernd gegn hvers kyns ofbeldi með lögum.

Börn eru stór hluti af iðkendamótum íþróttá og æskulýðsmála og er því afar mikilvægt að tryggt sé að þau njóti verndar gegn hvers kyns ofbeldi. Markmiðið með fyrirhugaðri lagsetningu er að börn og fullorðnir geti stundað íþróttir eða tólmstundir í öruggu umhverfi, óháð kyni eða stöðu að öðru leyti, og leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna atvika sem þar kunnir að koma upp án ótta við afleiðingar.

Samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans ber öllum þeim sem vinna með börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang og veita börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þar sem stór hluti barna stundar íþróttir eða tekur þátt í æskulýðsstarfi af einhverju tagi þekkja þau málaflokkinn vel af eigin reynslu. Umboðsmaður saknar þess að ekki hafi verið leitað til barna við gerð skýrslunnar hjá starfshópnum en hann sendi bréf til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 16. janúar 2018 þar sem bent var á mikilvægi þess að börn væru með í ráðum þegar aðgerðaráætlun starfshópsins yrði mótuð í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Hlutverk samskiptaráðgjafa er að aðstoða félög við að koma sér upp virkum verkferlum og samræmt vinnulag auk þess að geta leiðbeint þeim sem verða fyrir brotum og telja að ekki sé brugðist við með réttum hætti. Í tillögum starfshópsins kemur fram að að samskiptaráðgjafinn sé staðsettur þar sem unnið er að sambærilegum málum án þess að það sé útskýrt frekar og því óljóst hve nálægt hann er iðkendum. Þá virðist gert ráð fyrir að samskiptaráðgjafinn verði einungis tímabundin staða. Ef slík staða er einungis tímabundin gæti verið hætta á að það góða starf sem samskiptaráðgjafi vinnur að ásamt þeirri mikilvægu sérþekkingu sem hann fær glatt ef henni er ekki við haldið. Umboðsmaður hvetur því til að árangur samskiptaráðgjafa verði metinn og kannað hvort tilefni sé til að festa starf hans í sessi ótímabundið. Í áformum um lagasetningu kemur fram að börn eiga að geta leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna atvika sem koma upp án ótta við afleiðingar. Einnig segir að „afar brýnt sé að úrræði verði sett á

fót en fyrir liggur að innan íprótta koma reglulega upp aðstæður þar sem óeðlilegir og jafnvel ofbeldisfullir atburðir eru sagðir eðlilegur hluti af ípróttum.“ Í þessu ljósi undirstrikar umboðsmaður barna mikilvægi þess að skýrt sé hvert börn eiga að leita ef ekki er brugðist við með réttum hætti við slíkum atburðum, þá sérstaklega ef samskiptaráðgjafinn verður ekki lengur til staðar þar sem staðan er einungis tímabundin.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna